

Nr. 19.  
2. júní.

## Lög

um

að landsstjórninni veitist heimild til að greiða styrk úr landssjóði til viðgerðar á sjógarðinum fyrir Einarshafnarlandi og Óseyrarness í Árnessýslu.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að greiða úr landssjóði alt að 7000 krónum til þess að gera við sjógarðinn fyrir landi jarðanna Einarshafnar og Óseyrarness í Árnessýslu, enda verði helmingur kostnaðar af verkinu greiddur annars staðar að og skal verkið framkvæmt undir eftirliti landsstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. júní 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

Jón Magnússon.